



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-129U020**

Dagsetning: **17. október 2016**

Staðsetning: **Reykjanesbraut við Rósaselstorg**


Atvik: **Framanákeyrsla**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Um miðjan dag 17. október 2016 lést ökumaður fólksbifreiðar í hörðum árekstri tveggja bifreiða á Reykjanesbraut skammt austan við Rósaselstorg. Ökumaðurinn sem lést var ekki spenntur í öryggisbelti og var undir áhrifum ólöglegra fíkniefna þegar slysið átti sér stað.

Staðsetning



Látinn:

37 ára gamall karlmaður

Veður og birta:

Bjart, engin ofankoma og lítill vindur

Vegur:

Bundið slitlag. Þurr yfirborð. Hámarkshraði var 90 km/klst þegar slysið átti sér stað en hefur nú verið lækkaður í 70 km/klst.

Meðaltalsumferð á sólarhring er 12491 ökutæki

Tími sólarhrings:

12:04

Ökutæki:

Toyota Corolla fólksbifreið, nýskráð 1999

VW Caddy sendibifreið, nýskráð 2005

Lýsing á slysi

Um miðjan dag 17. október 2016 var Toyota bifreið ekið vestur Reykjanesbraut. Ökumaður var einn í bifreiðinni. Rétt austan við Rósaselstorg var bifreiðinni sveigt yfir á rangan vegarhelming beint framan á VW sendibifreið sem kom úr gagnstæðri átt, án þess að ökumaður VW bifreiðarinnar hefði tök á að bregðast við. Einn farþegi var í VW bifreiðinni auk ökumanns.

Harður árekstur varð á milli bifreiðanna og kastaðist VW bifreiðin út fyrir veginn sunnan megin. Toyota bifreiðin kastaðist út fyrir veginn norðan megin. Við það lenti hún á ljósastaur. Brotplata á ljósastaurnum gaf sig og féll staurinn niður eins og hann er hannaður til. Ummerki á vettvangi sýndu að Toyota bifreiðin var komin yfir á rangan vegarhelming og varð áreksturinn á vegarhelmingi VW bifreiðarinnar. Ökumaður Toyota bifreiðarinnar lést í slysinu.

Áverkar

Ökumaður Toyota bifreiðarinnar var ekki spenntur í öryggisbelti. Hann kastaðist fram á stýrið og lést af völdum fjölsáverka. Loftpúði í stýri blés út. Mikil aflögun varð inn í ökumannsrými bifreiðarinnar.

Ökumaður VW bifreiðarinnar var spenntur í öryggisbelti og loftpúði í stýri blés út. Hann hlaut alvarlegan brjóstholásáverka.

Farþegi í VW bifreiðinni var spenntur í öryggisbelti. Bifreiðin var ekki útbúin með loftpúða í mælaborði fyrir framan farþegann. Farþeginn missti meðvitund í slysinu í nokkrar mínútur. Hann hlaut beltisáverka.

Ökutækin

Bíltækniskoðun á Toyota bifreiðinni leiddi í ljós að hemlabúnaður að framan var ekki í lagi fyrir slysið. Færslur voru fastar vinstra megin og lagðist því aðeins annar hemlaklossinn að disknum þegar hemlað var. Hemlaklossar hægra megin að framan voru mikið slitnir, innri klossinn farinn að losna í sundur frá bakplötunni. Þrjár mismunandi tegundir hjólbarða voru undir bifreiðinni og voru hjólbarðarnir allir gamlir og slitnir. Aðalljósarofinn var stilltur á dagljós og virkaði ljósið hægra megin en ljósið vinstra megin brotnaði í slysinu. Engar vísbendingar fundust um að útsýn ökumanns hefði verið skert í aðdraganda slyssins. Í ljósi ástands hemla var bifreiðin ekki í notkunarhæfu ástandi fyrir slysið. Bifreiðin hafði verið færð til skoðunar í október 2015, hlotið endurskoðun og fulla skoðun mánuði seinna. Færa hefði átt bifreiðina til skoðunar í ágúst 2016 en eigi síðar en fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá hafi eigandi ekki átt kost á að færa ökutækið til skoðunar á réttum tíma, þ.e. í seinasta lagi fyrir lok október. Bifreiðin hafði ekki verið færð til skoðunar þegar slysið átti sér stað.

Rannsókn á VW sendibifreiðinni leiddi í ljós að öryggisbúnaður virkaði eðlilega. Aðalljósarofinn var stilltur á dagljós og virkaði ljósið hægra megin en ljósið vinstra megin brotnaði í slysinu. Engar vísbendingar fundust um að útsýn væri skert. Ekkert kom fram í rannsókninni á VW bifreiðinni sem skýrt gæti orsök slyssins.

Ökuhraði

Niðurstaða hraðaútreiknings sérfræðings bendir til að hraði Toyota bifreiðarinnar hafi verið á bilinu 99 – 143 km/klst. Líklegasti hraði var metinn um 123 km/klst. Hraði VW bifreiðarinnar var líklega á bilinu 60 – 80 km/klst rétt fyrir slysið.

Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn beinn með óbrotna miðlínu. Ein akrein er í hvora átt auk um 3 metra breiðra malbikaðra vegaxla beggja vegna. Slysið átti sér stað rúmlega 100 metrum austan við Rósaselstorg (hringtorg). Engar rifflur voru í slitlaginu milli akreina.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar sýndu að ökumaður Toyota bifreiðarinnar var undir miklum áhrifum nokkurra ólöglegra fíkniefna.

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumanni VW bifreiðarinnar leiddu í ljós að í blóði hans mældist ólöglegt fíkniefni.

Orsakagreining

- Ökumaður Toyota bifreiðarinnar ók yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir aðra bifreið
- Ökumaður Toyota bifreiðarinnar var undir áhrifum ólöglegra fíkniefna
- Ökumaður Toyota bifreiðarinnar ók of hratt
- Ökumaður Toyota bifreiðarinnar var ekki spenntur í öryggisbelti

Tillaga í öryggisátt

Aðgreining akstursátta

Búið er að aðgreina akstursáttir á Reykjanesbraut frá Brunnhól vestan við Straumsvík að Hafnavegi. Kaflinn frá Hafnavegi að Rósaselstorgi er einbreiður og var umferð árið 2016 rúmlega 12 þúsund ökutæki á sólarhring, 2017 var umferð komin yfir 14 þúsund ökutæki á sólarhring. Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa er brýnt að aðgreina akstursáttir á Reykjanesbrautað fullu til að forða því að sambærileg slys verði. Leggur nefndin til við veghaldara að aðgreina akstursáttir á Reykjanesbraut.

Ábending

Áfengis- og vímuefnanotkun

Undanfarin ár hefur ölvunar- og vímuefnaakstur verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind neytenda og skynjun umhverfis og þar með hæfni til að stjórna ökutæki örugglega. Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa er brýnt að rannsaka hvaða úrræði hafa gefist vel í öðrum löndum og leitt geta til breyttrar hegðunar ökumanna sem aka undir áhrifum áfengis og/eða lyfja. Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á [Öxnadalshéiði þann](#)



[24.6.2016](#) gaf nefndin út tillögu í öryggisátt þar sem lagt var til að skipaður yrði faghópur á sviði réttarfars og refsivörslu og meðferðar við áfengis- og fíkniefnasýki, sem falið verði að vinna tillögur til sóknar gegn þessari vá í umferðinni. Bindur nefndin miklar vonir við niðurstöður þeirrar vinnu.

Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa er nauðsynlegt að halda áfram að koma þeim skilaboðum á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki undir neinum kringumstæðum eftir að hafa neytt áfengis og/eða annarra vímuefna.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 20. nóvember 2018
Rannsóknarnefnd samgönguslysa